Aðalfundur Foreldrafélags Flataskóla 2022

Haldinn 29. september 2022 kl. 20:00 í sal Flataskóla

Viðstaddir fundinn voru um 30 foreldrar.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Ágúst skólastjóri setti fund og stakk upp á sjálfum sér sem fundarstjóra og fundarritara. Fundarmenn tóku því fegins hendi.

2. Skýrsla stjórnar

Ágúst fór yfir starfsemi félagsins á síðasta ári f.h. fráfarandi stjórnar. Vegna sóttvarnartakmarkana var afar lítil starfsemi en þó tókst að halda Halloween böll um haustið og nokkur bekkjarkvöld tókst einnig að halda. Félagið styrkti skólann til kaupa á þrívíddarprentara og vínilskera (270 þús) og einnig var skíðaferð 6. bekkjar styrkt (100 þús).

3. Reikningar

Kynntir reikningar síðasta árs. Vegna lítillar starfsemi var lítil velta hjá félaginu. Tekjur voru litlar þar sem aðeins 9 borguðu félagsgjöld (valgreiðslur) samanborið við 230 árið áður. Það kom þó lítið að sök því að útgjöld voru líka lítil, aðeins vegna styrkja til skólans eins og að framan greinir. Í lok árs voru eignir félagsins 1.135.312 kr. (sjá yfirlit í lok fundargerðar). Reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða.

4. Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði

Guðrún Yrsa fulltrúi í skólaráði greindi frá starfsemi ráðsins. Fulltrúar foreldra hafa verið virkir í ráðinu og lagt ýmislegt til mála, t.d. varðandi námsmat, námsmatsmöppur, upplýsingamiðlun til foreldra, húsnæðis- og viðhaldsmál o.fl. Skólastjóri þakkaði fulltrúum í skólaráði fyrir gott samstarf og virka þátttöku, fór í stuttu máli yfir hlutverk skólaráðs.

5. Kosning fulltrúa í stjórn

Eftirtaldir kjörnir í stjórn Foreldrafélagsins:

Fríða Bogadóttir
Guðrún Yrsa Richter
H. Hanna Friðriksdóttir
Harpa Þorsteinsdóttir
Lydía Þrastardóttir
Sólveig Auður Bergmann
Unnur Tómasdóttir

Varamenn í stjórn:
Erla Þuríður Pétursdóttir
Katrín Björgvinsdóttir
Margrét Rán Kjærnested
Ómar Gunnar Ómarsson

6. Kosning fulltrúa í Grunnstoð

Eftirtaldir kjörnir sem fulltrúar í Grunnstoð: Unnur Tómasdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Kjörnir skoðunarmenn reikninga: Bryndís Lára Torfadóttir og Albert Guðmann Jónsson

8. Ákvörðun um valgreiðslu fyrir árið 2022

Borin fram tillaga um að félagsgjöld/valgreiðsla ársins 2022 verði 2500 kr. Samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

Rætt um húsnæðismál skólans með tilliti til þess að viðhaldi hefur verið ábótavant og mygla hefur greinst í húsnæðinu. Fram kom að framkvæmdir sem stefnt var að sl. sumar hafa ekki enn farið fram nema að litlum hluta. Einnig áttu að fara fram sýnatökur vítt og breitt um húsið sem ekki hafa farið fram ennþá en eru reyndar loks áformaðar í næstu viku. Foreldrar lýstu áhyggjum sínum af þessum málum og vilja beita sér fyrir úrbótum. Á fundinum var stofnaður viðræðuhópur sem mun óska eftir viðræðum við bæjaryfirvöld vegna framangreindra mála. Viðræðuhópinn skipa Guðrún Yrsa Richter, Hanna Friðriksdóttir, Anna Leoniak og Rakel Svansdóttir.

Ársreikningur foreldrafélags Flataskóla					
Eignir:					
	Vild			**Eigið fé**	
	Staða 31.12.2021	kr 914,619		Frá fyrra ári	kr 1,324,851
	Valgreiðslur 9x2500	kr 22,500		Gjöld umfram tekjur	kr 189,539
	Alls	kr 937,119		skuldir	0
	-Þjónustugjöld	-kr 790		Eigið fé samtals	kr 1,135,312
	Reykjavíkurborg	-kr 107,160			
	Endurgreiðsla v/ofborgunar	-kr 31,500			
	Samtals 27.09.22	kr 797,669			
	Vaxtasproti				
	Staða 31.12.2021	kr 410,232			
	Innborganir	kr 2,088,000			
	Alls	kr 2,498,232			
	KFUM&KFUK	-kr 2,160,589			
	Samtals 27.09.22	kr 337,643			